

Skýrsla stjórnar Samtaka heilbrigðisiðnaðarins Lögð fram á aðalfundi 6. febrúar 2018.

Ágætu félagsmenn.

Nú er 7. starfsári Samtaka heilbrigðisiðnaðarins að ljúka. Samtökin voru stofnuð þann 19. janúar 2011 sem starfsgreinahópur innan Samtaka iðnaðarins (SI). Tilgangur SHI er að vinna að hagsmuna- og stefnumálum fyrirtækja á heilbrigðissviði og taka virkan þátt í að móta stefnu markvissrar þróunar heilbrigðisiðnaðar á Íslandi. Félagar í samtökunum eru fyrirtæki sem tengjast nýsköpun og þróun á heilbrigðissviði.

Miðað er við að fyrirtækin séu hlutafélög (hf.), einkahlutafélög (ehf.) eða samvinnufélög (sf.) og að þróunarkostnaður fyrirtækjanna sé að jafnaði a.m.k. 2% af veltu þegar horft er til yfirstandandi starfsárs og þriggja síðustu ára.

Í stjórn Samtaka heilbrigðisiðnaðarins (SHI) voru eftirfarandi aðilar kjörnir á síðasta aðalfundi, 15. desember 2016.

- Magnús Oddsson, Össuri ehf. (formaður)

Til tveggja ára:

- Sveinbjörn Höskuldsson, Nox Medical ehf.
- Hákon Sigurhansson, EMR ehf./TM-Software

Til eins árs:

- Garðar Þorvarðsson, Kvikna ehf.
- Jón Gunnar Jónsson, Actavis á Íslandi hf. (á starfsárinu tók Jóhann R. Benediktsson, Curron ehf sæti í hans stað).

Varastjórn til eins árs:

- Baldur Þorgilsson, Kisonic ehf.
- Bjarni Þór Björnsson, Stiki ehf.

Garðar Þorvarðsson hjá Kvikna ehf. og Bjarni Þór Björnsson hjá Stika gefa ekki kost á sér áfram. Jón Gunnar Jónsson hjá Actavis gaf ekki kost á sér á starfsárinu 2017. Magnús Oddsson gefur ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku en gefur kost á sér til áframhaldandi setu sem meðstjórnandi.

Nýir stjórnarmeðlimir SHI verða Ívar Meyvantsson hjá MentisCura sem býður sig fram til formanns SHI og Guðjón Vilhjálmsson hjá Origo, sem býður sig fram sem meðstjórnanda.

Fyrirtæki innan SHI eru þverskurður fyrirtækja úr ólíkum starfsgreinum, s.s. upplýsingatækni, líf- og genatækni, stoðtækjaframleiðsla, lyfjaframleiðsla, framleiðsla á náttúrulækninga- og fæðubótaefnum, húðvörum, lækningatækja, og mælitækni. Í SHI/SI eru á annan tug fyrirtækja sem falla undir áður nefnda skilgreiningu og hefur meðlimum fjölgað frá stofnfundi. Þó er enn nokkur fjöldi fyrirtækja á sviði heilbrigðisiðnaðar á Íslandi utan samtakanna, einkum fyrirtæki sem eru að stíga sín fyrstu skref á þróunarbrautinni.

Helstu verkefni SHI hópsins á árinu 2016-17 voru eftirfarandi:

1. Staða og árangur Hátækni- og sprotavettvangs
2. Hugverkaráð

3. Nýsköpunarlög í júní 2016
4. xhugvit
5. Námskeið með Íslandsstofu varðandi markaðskröfur á Bandaríkjamarkað
6. Nordic Business and Living Lab Alliance
7. Móttaka sendinefndar finnskra heilbrigðisiðnaðarfyrirtækja í desember 2016
8. Skýrsla McKinsey um íslenska heilbrigðiskerfið á krossgötum
9. Önnur mál

Bent er á skýrslu stjórnar sem lögð var fram á aðalfundi SHI 15. desember 2016, varðandi frekari upplýsingar um ofangreind verkefni.

Stefnumótun og áherslur í starfi stjórnar SHI árið 2017

Á síðasta starfsári, 2017, voru haldnir 3 stjórnarfundir ásamt ofangreindum aðalfundi í lok desember 2016. Mannabreytingar hjá Samtökum iðnaðarins sem og stjórnarslit settu mark sitt á starfsárið.

- 24. stjórnarfundur SHI var haldinn fimmtudaginn 16. mars 2017
- 25. stjórnarfundur SHI varð haldinn mánudaginn 8. maí 2017
- 26. stjórnarfundur SHI var haldinn mánudaginn 18. september 2017
- 27. stjórnarfundur SHI var haldinn fimmtudaginn 18. janúar 2018

Þétt samstarf og samskipti við Íslandsstofu voru vegna eftirfarandi verkefna:

- Nordic Business and Living Lab Alliance
- Nordic Welfare Solutions (með Íslandsstofu)
- Smart City Solutions (Indland, Kína, USA)

Rætt var um fyrirkomulag stefnumótunarvinnu sem SHI hefur haft áform um og þörf er á að endurvekja á komandi starfsári.

Hugleiðingar fráfarandi formanns SHI í aðdraganda stefnumótunar

Tilgangur SHI:

- Samstarfsvettvangur heilbrigðistækniyrirtækja á Íslandi
- Tengsl við samstarfsvettvang **nýsköpunarfyrirtækja** á Íslandi
 - Eru einhver heilbrigðistækniyrirtæki innan samtakanna sem **ekki** eru nýsköpunarfyrirtæki?
 - Hver eru tengslin við **erlend** heilbrigðistækniyrirtæki?
- Samstarfsvettvangur heilbrigðistækniyrirtækja við stjórnarsýsluna

Sameiginlegar áherslur:

- Flest fyrirtækin þurfa að eiga samskipti við:
 - Lyfjastofnun
 - Vottunaraðila
 - RANNÍS vegna endurgreiðslna á rannsóknar og þróunar kostnaði
 - Útlendingastofnun vegna erlendra sérfræðinga
- Mörg fyrirtæki afla sér þekkingar erlendis frá með námskeiðahaldi hérlendis
- Flest fyrirtækin vinna samkvæmt sömu stöðlum varðandi þróun, framleiðslu og sölu á lækningatækjum eða þjónustu

Markmið SHI:

- Stuðla að samstarfi íslenskra fyrirtækja á sviði heilbrigðistækni sem lýtur að því að byggja upp öflugan kjarna þekkingar sem studdur er af arðbærum iðnaði með sölu á alþjóðlegum mörkuðum

Stefnumál:

- Fræðsla,
- Staðlar,
- Markaðsmál
- Rekstrarumhverfi

Rekstraumhverfinu mætti skipta í:

- Sértek atriði:
 - Lyfjastofnun
 - Staðlar
- Sameiginleg atriði:
 - Menntamál
 - Skattaumhverfi
 - „Hugmyndahagkerfið“

Aðrar hugleiðingar vegna stefnumótunar:

- Skoða stöðu prófanamála, vottunarmála og faggildingar þ.m.t. varðandi Lyfjastofnun, NMÍ ofl.
- Fjölgun fyrirtækja í SHI
- Námskeið með erlendum fyrirlesurum (FDA)
- Skoða heilbrigðisiðnaðinn í Berlín
- Stöðugleikinn skiptir öllu máli, rekstraumhverfið
- Evrópska styrkjakerfið (Evrís/Inspíría) – aðkoma fyrirtækja
- Kennsla í heilbrigðistækni (HR/HÍ)
- Framleiðni – hvatning starfsfólks, réttar fjárfestingar

Hugverkaráð SI

Hugverkaráð SI var upphaflega sett á laggirnar þann 4. mars 2016.

- Hlutverk ráðsins felst aðallega í því að styrkja þau málefni sem eru sameiginleg fyrirtækjum sem starfa á alþjóðamörkuðum og byggja afurðir sínar og þjónustu á tækni og hugverki
- Markmið Hugverkaráðs er að efla samkeppnishæfni hugverka- og tæknifyrirtækja á Íslandi með því að vera leiðandi afl í hagsmuna- og stefnumálum þeirra
- Virkni í Hugverkráði var ekki mikil á árinu 2017. Á árinu 2018 er stefnt að því að efla starfsemi ráðsins til muna

Yfirlit yfir verkefni Hugverkaráðs á árinu 2017

Tækni- og hugverkabing SI var haldið fyrir fullum sal í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík þann 13. október 2017.

Eftirfarandi málefni og áherslur voru kynnt í kjölfar fundarins:

1. Tryggjum starfsemi hugverkadrifinna fyrirtækja á Íslandi með hækkaðri hámarksendurgreiðslu á rannsóknar- og þróunarkostnaði
2. Afnáam þaks vegna endurgreiðslna R&P er forgangsmál hjá SI sem unnið verður áfram með.
3. Slípum umgjörð skattahvata við fjárfestingu í nýsköpun
4. Auðveldum erlendum sérfræðingum að flytja til Íslands og byggja upp samfélagið

5. Gagnatengingar auki samkeppnishæfni og geri Ísland að áhugaverðum valkosti fyrir nýsköpun, gagnavinnslu og gagnaver
6. Nýsköpunarsjóður verði nýttur til að hvetja til fjárfestinga erlendra og innlendra fagfjárfesta
7. Gerum íslenska skólakerfið samkeppnishæft
8. Myndum samfellu úr grunnskóla í háskóla. Veitum auknu fé til grunnskóla til að auka gæði kennslu í tækni- og raungreinum og auka tæknisköpun
9. Stefnumót vísindamanna og atvinnulífs

Með þökkum fyrir framlag stjórnar SHI á árinu 2017